

Fimmtudaginn 14. apríl 2011.

Nr. 273/2010.

Sverrir Þór Kristjánsson

(Halldór H. Backman hrl.)

gegn

Ístaki hf.

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Ráðningarsamningur. Laun. Tómlæti.

S höfðaði mál gegn Í hf. og krafðist launa fyrir yfirvinnu á tilteknu tímabili auk orlofs af yfirvinnulaunum. Í dómi Hæstaréttar var vísað til þess að í skýrslu S fyrir dómi hefði komið fram að honum hefði verið ljóst þegar hann hefði áður starfað fyrir Í hf. að greiðsla fyrir yfirvinnu væri innifalin í umsömdum heildarlaunum, svo og að eins færi um launakjör hans á því tímabili sem málið varðaði. Þrátt fyrir þetta hefði S ekki gert athugasemdir við forráðamenn Í hf. um að hann teldi að sér bæri að fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Loks var talið að S hefði ekki sýnt fram á að heildarlaun hans á tímabilinu svöruðu ekki til lágmarkskjara samkvæmt kjarasamningi fyrir launþega í starfsgrein hans, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda með áorðnum breytingum. Í hf. var því sýknað af kröfum S.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar 23. febrúar 2010. Ekki varð að fyrirhugaðri þingfestingu þess 7. apríl 2010 og áfrýjaði hann öðru sinni 4. maí sama ár. Hann krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér 15.022.246 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. maí 2005 til 31. janúar 2009, en af 15.022.246 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem nánar greinir í héraðsdómi lýtur ágreiningur aðila að kröfu áfrýjanda, sem er byggingafræðingur, á hendur stefnda vegna launa fyrir yfirvinnu á tímabilinu frá apríl 2005 til október 2008, auk orlofs af yfirvinnulaunum. Áfrýjandi ber því við að stefndi hafi ekki greitt sér fyrir yfirvinnu, en ráðningarsamningur hans við stefnda 8. febrúar 2005 hafi einungis tekið til mánaðarlauna fyrir „fullt starf“, sem hann telji svara til dagvinnu. Stefndi heldur því aftur á móti fram að laun samkvæmt ráðningarsamningnum hafi tekið mið af fastlaunakerfi hjá sér fyrir stjórnendur, á sama hátt og gert hafi verið í samningi um ráðningu áfrýjanda til starfa hjá dótturfélagi stefnda, sem staðið hafi frá 1998 til 2004. Í því kerfi felist að greidd séu föst laun fyrir alla vinnu hvort sem um dagvinnu eða yfirvinnu sé að ræða. Sú fasta fjárhæð sem áfrýjandi hafi fengið greidda mánaðarlega hafi tekið reglubundnum hækkunum og numið 600.000 krónum á mánuði þegar hann lét af störfum í lok janúar 2009. Heimilt sé að ákveða í ráðningarsamningi að greidd séu föst heildarlaun fyrir alla vinnu, sem taki bæði til dagvinnu og yfirvinnu, svo framarlega sem heildarkjör starfsmannsins nái þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningar kveði á um, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda með áorðnum breytingum. Laun áfrýjanda hafi ætíð verið hærri en nemi þeim lágmarkskjörum og því

hafi aðilum verið heimilt að semja um að yfirvinna væri innifalin í heildarlaunum og ekki yrði greitt sérstaklega fyrir hana.

Í skýrslu áfrýjanda fyrir héraðsdómi kom fram að honum hafi verið ljóst þegar hann starfaði hjá dótturfélagi stefnda frá 1998 til 2004 að greiðsla fyrir yfirvinnu væri innifalin í umsömdum heildarlaunum, svo og að eins færi um launakjör hans samkvæmt ráðningarsamningnum við stefnda frá 8. febrúar 2005. Fyrir liggur í málinu að áfrýjandi gerði aldrei fyrir starfslok sín athugasemdir við forráðamenn stefnda um að hann teldi þrátt fyrir þetta að sér bæri að fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að heildarlaunin, sem hann fékk frá stefnda á tímabilinu frá apríl 2005 til janúar 2009, hafi ekki svarað til lágmarkskjara samkvæmt kjarasamningi fyrir launþega í starfsgrein hans, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980. Að þessu virtu verður niðurstaða hins áfrýjanda dóms staðfest.

Rétt er að aðilarnir beri hvor sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 2009.

Mál þetta, sem höfðað var 26. maí 2009, var dómtekið 10. nóvember sl.

Stefnandi er Sverrir Þór Kristjánsson, Orrahólum 3, Reykjavík. Stefndi er Ístak hf., Engjateigi 7, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi greiði stefnanda kr. 15.022.246,-, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur af kr. 70.826,- frá 01.05.2005 til 01.06.2005, af kr. 191.915,- frá 01.06.2005 til 15.06.2005, af kr. 213.409,- frá 15.06.2005 til 01.07.2005, af kr. 1.019.908,- frá 01.07.2005 til 01.08.2005, af kr. 1.575.090,- frá 01.08.2005 til 01.09.2005, af kr. 1.952.066,- frá 01.09.2005 til 01.10.2005, af kr. 2.493.540,- frá 01.10.2005 til 01.11.2005, af kr. 2.993.889,- frá 01.11.2005 til 01.12.2005, af kr. 3.443.975,- frá 01.12.2005 til 01.01.2006, af kr. 4.241.335,- frá 01.01.2006 til 01.02.2006, af kr. 4.508.645,- frá 01.02.2006 til 01.03.2006, af kr. 4.954.785,- frá 01.03.2006 til 01.04.2006, af kr. 5.221.472,- frá 01.04.2006 til 01.05.2006, af kr. 5.403.417,- frá 01.05.2006 til 01.06.2006, af kr. 5.550.469,- frá 01.06.2006 til 15.06.2006, af kr. 6.148.220,- frá 15.06.2006 til 01.07.2006, af kr. 6.559.466,- frá 01.07.2006 til 01.08.2006, af kr. 6.601.837,- frá 01.08.2006 til 01.10.2006, af kr. 7.067.916,- frá 01.10.2006 til 01.11.2006, af kr. 7.319.648,- frá 01.11.2006 til 01.12.2006, af kr. 7.506.578,- frá 01.12.2006 til 01.01.2007, af kr. 7.598.797,- frá 01.01.2007 til 01.02.2007, af kr. 7.870.469,- frá 01.02.2007 til 01.03.2007, af kr. 8.208.968,- frá 01.03.2007 til 01.04.2007, af kr. 8.657.548,- frá 01.04.2007 til 01.05.2007, af kr. 8.836.430,- frá 01.05.2007 til 01.06.2007, af kr. 9.031.824,- frá 01.06.2007 til 15.06.2007, af kr. 9.354.788,- frá 15.06.2007 til 01.08.2007, af kr. 9.649.255,- frá 01.08.2007 til 01.11.2007, af kr. 10.174.892,- frá 01.11.2007 til 01.12.2007, af kr. 10.183.148,- frá 01.12.2007 til 02.01.2008, af kr. 10.494.127,- frá 02.01.2008 til 01.03.2008, af kr. 10.877.334,- frá 01.03.2008 til 01.04.2008, af kr. 11.110.997,- frá 01.04.2008 til 01.05.2008, af kr. 11.425.663,- frá 01.05.2008 til 01.06.2008, af kr. 11.734.098,- frá 01.06.2008 til 15.06.2008, af kr. 12.000.580,- frá 15.06.2008 til 01.07.2008, af kr. 12.259.167,- frá 01.07.2008 til 01.09.2008, af kr. 13.084.775,- frá 01.09.2008 til 01.10.2008, af kr. 14.321.629,- frá 01.10.2008 til 01.12.2008, af kr. 14.673.681,- frá 01.12.2008 til 31.01.2009, og af kr. 15.022.246,- frá 31.01.2009 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði málskostnað stefnanda að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti.

Stefndi gerir þær dómkröfur að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

I

Stefnandi, sem er menntaður byggingafræðingur, hóf störf hjá Fossvirki, sameignarfélagi í eigu stefnda o.fl., í apríl árið 1998. Í ráðningarsamningi, dags. 26. maí 1998, kemur fram að laun stefnanda skuli vera 208.000 krónur á

mánuði miðað við fullt starf. Þá er einnig tekið fram að stefnandi skuli aukalega fá greitt „útitillegg“ að fjárhæð 105.000 krónur fyrir vinnu í Sultartanga. Stefnandi starfaði samfelld hjá félaginu til ársins 2004 er hann sagði upp störfum. Kveðst stefnandi hafa sagt upp vegna óánægju og álags.

Stefnandi hóf síðan störf hjá stefnda í febrúar 2005. Kveðst stefnandi hafa gert það í von um minna vinnuálag. Gerður var skriflegur ráðningarsamningur dags. 8. febrúar 2005 milli aðila. Í samningnum kemur fram að fyrsti starfsdagur stefnanda sé 11. febrúar 2005 og að laun miðað við fullt starf skuli vera kr. 440.000,-. Þá kemur fram að vegna vinnu á Grænlandi skuli stefndi greiða stefnanda útitillegg/dagpeninga kr. 100.000,-. Einnig kemur þar fram að um réttindi og skyldur aðila að öðru leyti skuli fara skv. gildandi kjarasamningi. Stefnanda var síðan sagt upp störfum með bréfi, dags. 31. október 2008, með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stefndi kveður launauppbyggingu hjá tæknimönnum, verkstjórum og öðrum stjórnendum hafa verið þannig hjá stefnda í áratugi að greidd séu föst laun, svokallað fastlaunakerfi, fyrir alla vinnu hvort sem um er að ræða dagvinnu eða yfirvinnu. Hafi stefnandi verið starfsmaður í fastlaunakerfi stefnda allan þann tíma sem hann vann hjá stefnda, það er allt frá árinu 1998. Umræddir starfsmenn séu í dag yfir 100 talsins, allir með föst laun, og sú yfirvinna sem unnin sé falli undir þessi föstu laun. Nær einu umframingreiðslur til starfsmanna í fastlaunakerfi séu uppbætur, dvelji starfsmenn fjarri heimilum sínum í nokkurn tíma, svo sem á virkjunarsvæðum. Öllum starfsmönnum stefnda sé gerð grein fyrir launakerfi stefnda við upphaf starfa. Stefnandi sé þar engin undantekning.

Í hverjum mánuði fékk stefnandi greidda fasta fjárhæð sem miðaðist við fullt starf en sú fjárhæð, sem upphaflega var kr. 440.000,- hækkaði upp í kr. 480.000,- um áramótin 2005-2006, síðan í kr. 530.000,- um áramótin 2006-2007 og loks í kr. 600.000,- um áramótin 2007-2008.

Stefnandi fékk einnig greiddar uppbætur vegna dvalar fjarri heimili sínu. Þá fékk stefnandi greiddar 200.000 krónur í júlí 2006. Kveðst stefnandi hafa fengið greiðsluna í kjölfar samtala við yfirmenn sína um mikið vinnuálag án greiðslu fyrir yfirvinnu. Stefnandi kveðst hins vegar hafa ákveðið að greiða stefnanda bónus í júlí 2006 vegna mikillar helgarvinnu.

Samkvæmt vinnuskýrslum stefnanda vann stefnandi að meðaltali um 222 klst. á mánuði hjá stefnda. Stefnandi kveður vinnuskýrslurnar hafa verið samþykktar af stefnda. Fyrirsvarsmaður stefnda kveður vinnuskýrslur ekki hafa verið skoðaðar. Hann hafi því ekki skoðun á því hvort þær séu réttar.

Þann 11. febrúar 2009, 11 dögum eftir að vinnusambandi aðila lauk, sendi lögmaður stefnanda bréf til stefnda, þar sem stefnda er gerð grein fyrir kröfu stefnanda vegna yfirvinnu á tímabilinu frá apríl 2005 til október 2008, auk orlofsgreiðslna vegna yfirvinnu. Var sú krafa á því byggð að samkvæmt vinnuskýrslum hefði stefnandi unnið umtalsverða yfirvinnu, þ.e. umtalsvert fleiri vinnutíma en gert sé ráð fyrir í „fullu starfi“, en að launaseðlar bæru ekki með sér að stefnandi hefði fengið greitt fyrir þá yfirvinnu.

Bréfi lögmanns stefnanda var svarað með bréfi, dags. 18. febrúar 2009, þar sem kröfu stefnanda var mótmælt sem rangri og ósannaðri. Var í fyrsta lagi tekið fram að þar sem yfirvinna væri hluti af fastalaunum stefnanda ætti hann ekki kröfu um greiðslu frekari launa úr hendi stefnda. Þá var því einnig haldið fram að stefnandi hefði sýnt af sér tómlæti með því að gera fyrst kröfu um greiðslu yfirvinnu í febrúar 2009, eftir að hafa verið hluti af fastlaunakerfi stefnda í mörg ár. Var á það bent að slíkt tómlæti hefði í för með sér niðurfall greiðsluskyldu atvinnurekanda, hefði hún einhvern tíma verið til staðar. Að lokum var útreikningi launa og dráttarvaxta mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

II

Stefnandi byggir kröfur sínar á skyldu vinnuveitanda samkvæmt meginreglum vinnuréttar og samningaréttar til að greiða starfsfólki laun fyrir það vinnuframlag sem starfsfólk innir af hendi í þágu vinnuveitanda.

Fullt starf

Í ráðningarsamningi stefnanda við stefnda hafi aðilar samið um fasta launafjárhæð fyrir fullt starf. Í samningnum sé ekki skilgreint nánar hvað teljist fullt starf en þess í stað sé vísað í gildandi kjarasamning.

Stefnandi sé menntaður byggingafræðingur. Í kjarasamningi milli Félags ráðgjafarverkfræðinga annars vegar og Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands hins vegar komi fram í grein 2.1.2. að dagvinna teljist 38 klst. á viku og skemmri vinnuskylda teljist hlutastarf samkvæmt grein 2.1.7. Af ákvæðum kjarasamningsins leiði að fullt starf teljist vera 38 klst. á viku eða 164,5 klst. á mánuði. Þá teljist öll vinna umfram

dagvinnu yfirvinna samkvæmt kjarasamningnum, grein 2.2.1.

Af framansögðu leiði að í ráðningarsamningi stefnanda við stefnda hafi aðilar samið um greiðslu kr. 440.000,- fyrir 164,5 klst. á mánuði vegna vinnu á árinu 2005.

Stefnanda hafi verið falið að annast eftirlit með framleiðslu á þeim starfsstöðum sem hann var sendur á. Stefnandi hafi sinnt þeim verkefnum sem honum voru falin og skilað vinnuskýrslum til skrifstofu stefnda með tölvupósti í lok hvers mánaðar. Í vinnuskýrslum stefnanda komi fram að í 37 mánuði af þeim 43 sem hann starfaði hjá stefnda á tímabilinu hafi vinnustundir stefnanda verið fleiri en 164,5 klst. Samtals hafi yfirvinnustundir stefnanda verið 2582,5 eða að meðaltali 69,8 klst. á hverjum yfirvinnumánuði.

Ekki komi fram í ráðningarsamningi hvað stefnda beri að greiða fyrir vinnu umfram fullt starf. Í gildandi kjarasamningi komi fram í grein 8.3.2. að tímakaup fyrir yfirvinnu sé 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmanns. Á árinu 2005 hafi stefnda því borið að greiða stefnanda kr. 4.569,- fyrir hverja klukkustund umfram dagvinnu, fjárhæðin hafi hækkað í kr. 4.985,- árið 2006; í kr. 5.504,- árið 2007 og í kr. 6.231,- árið 2008. Samtals beri stefnda að greiða stefnanda kr. 13.464.983,- fyrir vinnu umfram fullt starf á árunum 2005 til og með 2008.

Orlof á yfirvinnu

Stefnandi krefji stefnda um greiðslu á orlofslaunum vegna yfirvinnu. Í tilvitnuðum kjarasamningi komi fram í grein 4.2.4. að vinnuveitanda beri að greiða orlofsfé 11,2% á laun fyrir yfirvinnu. Hlutfallið hafi breyst í 13,04% í júní 2008, sbr. grein 4.2.4 kjarasamnings Félags ráðgjafarverkfræðinga sem tók þá gildi. Þá komi fram í 1. gr. laga um orlof nr. 30/1987 að allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum eigi rétt á orlofi og orlofslaunum. Í 2. mgr. 2. gr. laganna segi að samningur um minni rétt til handa launþegum en kveðið sé á um í lögunum sé ógildur. Samkvæmt framansögðu eigi stefnandi rétt til greiðslu orlofslauna samtals að fjárhæð kr. 1.557.263,-.

Fastlaunakerfi

Stefndi hafi borið því við að stefnandi hafi verið grandsamur um það kerfi sem í gildi var hjá stefnda um að yfirvinna væri hluti af föstum launum stefnanda. Þá hafi verið um það almenn vitneskja meðal starfsmanna.

Stefnandi hafi starfað hjá stefnda í 6 ár áður en hann hætti störfum vegna óánægju og álags. Stefnandi hafi aftur hafið störf hjá stefnda og þá í von um minna álag. Á þeim tíma hafi verið gerður skýr skriflegur samningur milli aðila um laun sem miðuðust við fullt starf en réttindi að öðru leyti samkvæmt gildandi kjarasamningi. Samningurinn sé gerður á stöðluðu eyðublaði merktu stefnda og beri því að túlka allan vafa sem kunnir að leiða af samningnum stefnanda í hag. Samningur aðila gefi stefnanda réttmætt tilefni til að líta svo á að óskað verði eftir vinnuframlagi stefnanda í 164,5 vinnustundir á mánuði og fyrir þær vinnustundir fái stefnandi greiddar kr. 440.000,-.

Telji stefndi að stefnandi hafi samið um kr. 440.000,- í laun á mánuði miðað við fullt starf og yfirvinnu þá hefði stefnda verið í lófa lagið að bæta því við hið staðlaða samningsform sem aðilar undirrituðu til staðfestu á ráðningarsambandi eða gera skilmerkilega grein fyrir þeirri forsendu, sérstaklega í ljósi þess að stefnandi hafði áður hætt störfum hjá stefnda vegna álags og óánægju.

Hið stefnda félag sé stórt fyrirtæki með hundruð starfsmanna og því verði að gera ríkar kröfur til þess að staðlaðir ráðningarsamningar félagsins séu skýrir og skilmerkilegir þannig að starfsfólki megi vera ljóst hver réttindi þeirra og skyldur séu. Hafi það verið ætlun stefnda að greiða fastlaunastarfsfólki ekki sérstaklega fyrir yfirvinnu þá teljist það hluti af ábyrgri stjórnun félagsins að kveða skýrt á um slíka takmörkun í ráðningarsamningum.

Stefndi beri því sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum um að hjá félaginu sé í gildi fastlaunakerfi sem feli það í sér að starfsfólki sé ekki greitt fyrir þá vinnu sem unnin sé umfram dagvinnu. Þá verði stefnandi ekki bundinn af slíku kerfi þó allir aðrir starfsmenn stefnda telji sig bundna af því. Telji stefndi að milli aðila hafi verið munnlegur samningur eða þögult samkomulag um launakerfi sem ekki sé tilgreint í skriflegum samningi aðila beri stefndi enn fremur sönnunarbyrðina fyrir tilvist slíks samkomulags.

Tómlæti

Stefndi hafi borið því við að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti þar sem stefnandi hafi kosið að leggja ekki fram kröfu fyrir en tæplega 11 árum eftir að hann hóf störf hjá stefnda.

Stefnandi krefjist í máli þessu greiðslu vegna vinnu á síðara starfstímabili hjá stefnda, þ.e. frá febrúar 2005 til janúar 2009. Fyrri starfstímabil stefnanda hjá stefnda sé máli þessu óviðkomandi að öðru leyti en því að á þeim tíma starfaði stefnandi undir miklu vinnuálagi hjá stefnda og hafi hann þá gert stefnda grein fyrir óánægju sinni með það fyrirkomulag.

Stefnandi hafi gert athugasemdir við yfirmenn sína um það launafyrirkomulag og vinnuálag sem hann var látinn sæta er hann tók aftur við starfi hjá stefnda. Um mitt sumar 2006 hafi stefnandi fengið greiddar kr. 200.000,- fyrir aukna helgarvinnu samkvæmt launaseðli en sú greiðsla hafi átt rætur að rekja til athugasemda stefnanda. Greiðslan beri vott um að stefnandi hafi á þeim tíma gert kröfu um greiðslu fyrir vinnu umfram dagvinnu auk þess sem stefndi hafi með greiðslunni viðurkennt að stefnandi hafi í raun ekki verið ráðinn inn í meint fastlaunakerfi stefnda.

Starfmaður sé undir boðunar- og skipunarvaldi vinnuveitanda síns á meðan vinnusamband aðila sé í gildi. Sú krafa verði ekki lögð á stefnanda, í svo veikri stöðu gagnvart stefnda, að leggja formlega fram kröfur um vangreiðslu launa umfram það sem stefnandi gerði. Því síður verði gerð sú krafa að starfsmaður höfði mál gagnvart vinnuveitanda sínum til greiðslu eða viðurkenningar á réttindum áður en vinnusambandi aðila sé lokið.

Vinnusambandi aðila hafi lokið 31. janúar 2009. Bréf lögmanns stefnanda til stefnda hafi verið dagsett 11 dögum síðar. Stefnandi telji fráleitt að greiðsluskylda stefnda hafi fallið niður vegna tómlætis. Stefnandi ber sönnunarbyrðina fyrir slíkri fullyrðingu.

Ósamþykktar vinnustundir

Stefndi hafi borið því við að stefndi hafi ekki samþykkt þá tíma sem stefnandi vann og skráði. Stefnandi hafi ávallt lagt hart að starfsfólki að vinnuskýrslum væri skilað til skrifstofu félagsins. Stefnandi sæki upplýsingar í vinnuskýrslur starfsmanna til skráningar í bókhald er tengist einstökum verkefnum og launum starfsmanna.

Stefnandi hafi reglulega skilað til stefnda vinnuskýrslum þar sem fram komi þær unnu vinnustundir sem byggt sé á í málinu. Þrátt fyrir vitneskju um orðalag hins staðlaða ráðningarsamnings, þar sem miðað sé við fullt starf og tilvísun í gildandi kjarasamning, hafi stefndi aldrei gert athugasemdir við þær vinnustundir sem stefnandi vann.

Þvert á móti megi ætla að stefndi hafi í einhverjum tilvikum krafist viðskiptavini sína um greiðslu fyrir þann fjölda vinnustunda sem stefndi vann að einstöku verkefni og skráði að beiðni stefnda.

Stefndi hafi talið að ekki sé um greiðsluskyldu að ræða þar sem stefnandi hafi sjálfur ráðið vinnutíma sínum svo lengi sem hann sinnti starfi sínu. Yfirvinnu hefði verið haldið í lágmarki, og stjómað af ábyrgri stjórnun félagsins, ef ætlunin hefði verið að greiða fyrir hana.

Stefnanda hafi verið falin verkefni af staðarstjórum á hverjum vinnustað. Í verkefnum stefnanda hafi falist að hafa eftirlit með framleiðslu á vinnustaðnum. Stefnanda hefði ekki verið unnt að sinna þeirri eftirlitsskyldu sem honum var falin ef vinnudagur hans hefði ekki verið lengri en sem nemi dagvinnutímum. Sú framleiðsla sem stefnanda hafi verið falið að hafa eftirlit með átti sér stað utan dagvinnu. Stefnandi hafi því haft þá valkosti að sinna ekki því verkefni sem honum var falið hluta úr degi og bera þá ábyrgð á eftirlitslausri framleiðslu eða sinna þeim verkefnum sem honum voru falin eins vel og honum var kostur. Af þeim sökum sé því mótmælt að stefnandi hafi ráðið því sjálfur hvort hann ynni mikið eða lítið enda gat stefnandi ekki stjórnað því á hvaða tímum dagsins framleiðsla átti sér stað. Stefnanda hafi ekki verið unnt að sinna þeim verkefnum sem honum voru falin einungis á dagvinnutímum.

Stefnandi geti ekki borið ábyrgð á því ef hin ábyrgja stjórnun stefnda hafi ekki falið í sér takmörkun á vinnuframlagi í ljósi þess að í ráðningarsamningi stefnanda hafi aðeins verið samið um laun fyrir dagvinnu en ekki yfirvinnu.

Telji dómurinn sannað að í samningi aðila teljist fullt starf dagvinna ásamt yfirvinnu byggja stefnandi kröfu sína um greiðsluskyldu á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 þar sem sú niðurstaða feli í sér að tímakaup stefnanda á umræddu tímabili hafi að meðaltali verið um kr. 2.000,-. Stefnandi sé háskólamenntaður og hafi verið á 45. aldursári er samningur aðila var undirritaður, hann hafi haft rúmlega 20 ára starfsreynslu, þar af 6 ár hjá sama vinnuveitanda.

Stefnandi telji að meint samningsákvæði eða samkomulag um föst laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu stefnanda leiði til svo ósanngjarnar og óeðlilegrar niðurstöðu fyrir stefnanda að víkja beri slíku ákvæði eða samkomulagi til hliðar. Ráðningarsamningi skuli þá breyta enda verði samningurinn ólögmatgur og ógildanlegur skv. 1. gr. laga nr. 55/1980 og þar með ekki unnt að efna hann án greiðsluskyldu stefnda fyrir vinnuframlag stefnanda.

Útreikningur kröfu stefnanda hefur verið útskýrður að ofan. Krafan sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Laun vegna yfirvinnu:	13.464.983 kr.
Orlofslaun:	1.557.263 kr.

Samtals:**15.022.246 kr.**

Krafa stefnanda um upphafsdag dráttarvaxta byggja á meginreglu vinnuréttar sem einnig komi fram í grein 8.5.1. í tilvitnuðum kjarasamningi. Laun og aðrar greiðslur til starfsmanns greiðist eftir á, þann fyrsta næsta mánaðar. Krafast sé dráttarvaxta af orlofslaunum frá 15. júní hvers árs.

Stefnandi byggja kröfur sínar á meginreglum vinnuréttar, samningaréttar og kröfuréttar, gildandi kjarasamningum milli Félags ráðgjafarverkfræðinga annars vegar og Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands hins vegar, lögum nr. 55/1980, einkum 1. gr., lögum nr. 30/1987 og lögum nr. 7/1936, einkum 36. gr. og 36. gr. a.-c. Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísist til 33. gr. laga nr. 91/1991.

III

Sýknukrafa stefnda sé á því byggð að stefnandi eigi enga fjárkröfu á hendur stefnda, enda hafi laun og orlof verið gert upp að fullu við starfslok. Nánar tiltekið séu málsástæður stefnda eftirfarandi.

Í fyrsta lagi sé á því byggt að kröfur stefnanda séu byggðar á misskilningi, röngum grunni og þær séu alfarið ósannaðar. Í bréfi stefnanda, dags. 11. febrúar 2009, séu kröfur byggðar á því að í fullu starfi séu 173,3 vinnustundir á mánuði. Í stefnu hafi stefnandi skipt um skoðun og telji nú að í fullu starfi séu 164,5 klukkustundir á mánuði. Byggi hann alla kröfugerð sýna á kjarasamningi milli Félags ráðgjafarverkfræðinga annars vegar og Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands hins vegar. Ekki sé það skýrt í stefnu af hverju stefnandi kjósi að miða við umræddan kjarasamning. Því sé alfarið mótmælt af hálfu stefnda.

Stefndi sé ekki aðili að Félagi ráðgjafarverkfræðinga. Fyrirtækin sem aðilar séu að kjarasamningnum sinni að meginstefnu til verkfræðiráðgjöf en stefndi starfi á verktakamarkaði við mannvirkjagerð. Kjarasamningurinn taki samkvæmt hljóðan orða sinna aðeins til fyrirtækja sem aðild eigi að Félagi ráðgjafarverkfræðinga. Falli stefndi því ekki undir kjarasamninginn og teljist ekki vinnuveitandi í skilningi hans. Stefnandi sé aðili að Samtökum atvinnulífsins og því bundinn samkvæmt kjarasamningum þeirra samtaka.

Engin ákvæði í lögum skyldi stefnda til þess að vera aðili að kjarasamningum sem gerðir séu milli aðila vinnumarkaðarins. Þótt kjarasamningar hafi samkvæmt lögum víðtæk réttaráhrif mæli þau ekki fyrir um að kjarasamningar á einu sviði vinnumarkaðar gildi um önnur svið. Því sé þess vegna alfarið mótmælt að stefnandi geti byggt nokkurn rétt á hendur stefnda á umræddum kjarasamningi. Sé málatilbúnaður stefnanda því marklaus, enda grundvöllur hans rangur.

Þess beri einnig að geta að stefnandi sé menntaður byggingafræðingur. Á heimasíðu Félags byggingafræðinga, www.bfi.is, komi fram að byggingafræðingar séu ekki aðilar að kjarasamningi. Sé þar bent á að „eðlilegt“ sé að miða við kjarasamninga sambærilegra stétta, svo sem arkitekta og verkfræðinga. Það sé þó ljóst að byggingafræðingar séu hvorki arkitekta né verkfræðingar og því geti kjarasamningar þeirra starfstétta ekki átt við um kjaramál byggingafræðinga, enda menntun þeirra ekki sambærileg. Stefnandi telji einsýnt, með vísan til framangreinds, að umræddur kjarasamningur falli ekki undir það að vera almennur kjarasamningur í skilningi 1. greinar laga nr. 55/1980 og geti stefnandi því ekki byggt rétt sinn gagnvart stefnda á honum.

Þar sem kröfur stefnanda séu alfarið og eingöngu byggðar á umræddum kjarasamningi teljist kröfur stefnanda ósannaðar og því beri að sýkna stefnda.

Í öðru lagi sé á því byggt, verði litið svo á að kjarasamningurinn gildi samt sem áður um ráðningarsamband stefnanda við stefnda, að stefnandi eigi ekki kröfu um greiðslu frekari launa úr hendi stefnda þar sem stefnandi hafi verið hluti af fastlaunakerfi stefnda og yfirvinna því hluti af föstum launum hans. Eins og áður hafi komið fram felist í fastlaunakerfi stefnda að starfsmenn séu með föst laun og unnin yfirvinna falli undir þessi föstu laun. Vinna umfram skilgreinda dagvinnu sé því ekki greidd sérstaklega, að undanskildum uppbótum vegna

dvalar starfsmanna fjarri heimilum sínum.

Stefnandi hafi verið hluti af fastlaunakerfi stefnda allan þann tíma er hann vann fyrir stefnda, þ.e. allt frá árinu 1998, og hafi yfirvinna verið hluti af fastlaunum hans. Stefnandi hafi því haft fulla vitneskju um launafyrirkomulag stefnda, en hafi þrátt fyrir það aldrei gert kröfu um að fá yfirvinnu greidda sérstaklega.

Í stefnu sé því haldið fram að fyrra starfstímabil stefnanda hjá stefnda sé máli þessu óviðkomandi að öðru leyti en því að á þeim tíma hafi stefnandi starfað undir miklu vinnuálagi hjá stefnda og þá gert stefnda grein fyrir óánægju sinni með það. Þessu sé alfarið mótmælt sem röngu.

Það liggi í hlutarins eðli að líta beri til alls þess tíma sem stefnandi starfaði hjá stefnda, en ekki bara þess tíma sem þóknist stefnanda, þegar metið sé hvort stefnandi hafi haft vitneskju um vinnufyrirkomulag stefnda og samþykkt það. Því sé að auki alfarið mótmælt að stefndi hafi gert stefnanda grein fyrir óánægju sinni með fyrirkomulagið. Stefnandi sé spurn af hverju stefnandi hafi hafið á ný störf hjá honum ef hann var svona óánægður með starfsaðstöðu, álag og kjör.

Í stefnu sé því haldið fram að stefnandi hafi gert athugasemdir við yfirmenn sína um launafyrirkomulagið er hann tók aftur til starfa hjá stefnda. Þessu mótmæli stefndi sem röngu og ósönnuðu. Þá verði að telja að með því að skrifa undir síðari ráðningarsamninginn, og hefja aftur störf hjá stefnda, vitandi hvernig launafyrirkomulagið var, hafi stefnandi samþykkt að fá ekki greitt fyrir yfirvinnu sérstaklega. Fullyrðingum stefnanda um að síðari ráðningarsamningur aðila hafi gefið stefnanda réttmætt tilefni til að ætla að hann fengi greiddar 440.000 krónur fyrir einungis dagvinnu, sé því alfarið hafnað. Stefnandi eigi erfitt með að skilja hvernig stefnandi komist að þessari niðurstöðu, enda lítið frábrugðið við ráðningarsamninga stefnanda fyrir fyrra og síðara tímabilið, auk þess sem enginn starfsmaður stefnda, hvorki stefnandi né nokkur annar á svipuðu sviði, fái greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Þetta sé starfsfyrirkomulag sem hafi verið við lýði í áratugi hjá stefnda og vandséð hvernig það geti hafa farið fram hjá stefnanda eftir áratugs starf án nokkurra athugasemda.

Því sé með vísan til framangreinds alfarið mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda að stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir því að hjá stefnda sé í gildi fastlaunakerfi sem feli það í sér að starfsfólki sé ekki greitt fyrir þá vinnu sem unnin er umfram dagvinnu. Hið rétta sé að starfsfólki er greitt fyrir vinnu umfram dagvinnu, en sú vinna sé hluti fastra launa. Stefnandi sé eini starfsmaður stefnda, fyrr og síðar, sem hafi haldið öðru fram. Beri hann því sönnunarbyrði fyrir fullyrðingu sinni um að fastlaunakerfi sé ekki til staðar hjá stefnda.

Megi við þetta bæta, með vísan til þess að stefnandi telji ráðningarsamninga stefnda ekki skýra og skilmerkilega, að stefnandi sé eini starfsmaður stefnda í umræddu kerfi sem ekki er ljóst, að minnsta kosti eftir starfslok, hver réttindi og skyldur hans voru. Verður því að telja stefnda hafi komið því skilmerkilega á framfæri innan félagsins hvað felist í fastlaunakerfinu. Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öðru.

Þá sé því einnig haldið fram í stefnu að sú greiðsla sem stefnandi fékk frá stefnda í júlí 2006 vegna aukinnar helgarvinnu beri vott um að stefnandi hafi á þeim tíma gert kröfu um greiðslu fyrir yfirvinnu. Þessu hafni stefndi alfarið. Í málinu liggi ekkert fyrir um það að þessi bónusgreiðsla hafi komið til vegna kröfu stefnanda um greiðslu launa vegna yfirvinnu. Og þó svo að stefnandi hafi hugsanlega látið í ljós óánægju vegna vinnuálags á þessum tíma, þá leiði það ekki til þess að hann hafi með því gert kröfu um að fá frekari greiðslur vegna yfirvinnu, enda hún innifalin í föstum launum. Í raun sé ekkert í málinu sem bendi til þess að stefnandi hafi ekki talið sig vera hluta af fastlaunakerfi stefnda eða að hann hafi gert kröfu um frekari greiðslur en hann fékk.

Að lokum hafni stefndi alfarið fullyrðingum stefnanda um að með því að greiða stefnanda umrædda uppbót hafi stefndi viðurkennt að stefnandi væri ekki hluti af fastlaunakerfinu. Fastlaunakerfi stefnda bjóði upp á að atvinnurekendur umbuni starfsmönnum sínum með aukagreiðslum og bónusum, þar sem yfirvinna sé hluti fastra launa. Í slíkum bónusgreiðslum felist að sjálfsögðu alls engin viðurkenning á því að öll yfirvinna skuli greidd sérstaklega. Að halda slíku fram sé fráleitt.

Af öllu framangreindu sé ljóst að stefnandi hafi, með því að vinna eftir fastlaunakerfi stefnda í öll þessi ár án þess að gera kröfu um að fá greidd frekari laun en hann fékk, skilið og samþykkt launafyrirkomulag stefnda. Sé slíkt samþykki fyllilega gilt þar sem það brjóti ekki í bága við ákvæði almennra kjarasamninga, enda launakjör stefnanda langt umfram lögbundin lágmarkskjör.

Fallist dómurinn á að stefnandi eigi rétt á launum vegna yfirvinnu, byggi stefndi sýknukröfu sína í briðja lagi á því að krafan sé fallin niður vegna tómlætis stefnanda. Eins og rakið hafi verið hér að framan hafi stefnandi unnið eftir fastlaunakerfi stefnda allt frá árinu 1998 til starfsloka í janúar 2009, án þess að gera kröfu um að fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Stefnandi hafi verið fullkomlega grandsamur um launafyrirkomulag stefnda en kosið þrátt fyrir það að leggja ekki fram kröfu fyrir en tæplega ellefu árum eftir að hann fyrst hóf störf hjá stefnda.

Áhrif tómlætis séu mikil í vinnurétti og ríkar kröfur gerðar til starfsmanna. Gera verði þá kröfu að starfsmenn upplýsi atvinnurekanda um þau kjarasamningsbundnu réttindi sem þeir telji sig eiga og geri kröfu um þau, en vinni ekki eftir ákveðnu fyrirkomulagi í áratug án þess að koma fram með kröfu á hendur atvinnurekanda. Teljist það því tómlæti af hálfu stefnanda að hafa ekki farið fram á greiðslu fyrir yfirvinnu fyrir en um ellefu árum eftir að hann fyrst hóf störf hjá stefnda. Hafi slíkt tómlæti í för með sér niðurfall greiðsluskyldu stefnda, hafi hún á annað borð einhvern tíma verið til staðar.

Þeirri réttlætingu stefnanda að krafa verði ekki lögð á starfsmann að leggja formlega fram kröfur um vangreiðslu launa í áratug umfram það sem stefndi gerði, það er að koma með athugasemd eftir starfslok, sé alfarið hafnað. Fráleitt sé að halda því fram að starfsmenn séu ekki í þeirri stöðu að geta kvartað við vinnuveitanda sinn fái þeir ekki greidd umsamin laun, hvað þá þegar starfsmenn telji sig eiga rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu en láti hjá leggjast að krefjast hennar í áratug. Við þetta megi bæta að á undanförmum árum hafi verið um starfsmannamarkað að ræða sem þýði að ef stefnandi hefði verið ósáttur hefði hann hæglega getað fengið vinnu annars staðar. Að mati stefnda verði tómlæti í vinnurétti varla skýrara.

Í fjórða lagi mótmæli stefndi útreikningi launa og dráttarvaxta sem ósönnuðum, enda hafi stefnandi ekki lagt fram staðfestar vinnuskýrslur heldur einungis óstaðfest yfirlit yfir vinnuskýrslur. Þess beri að geta að stefndi samþykkti aldrei tímaskráningu stefnanda. Þar sem um fastlaunakerfi hafi verið að ræða hafi fjöldi skráðra tíma hjá stefnda engin réttaráhrif haft, enda hafi mæting til vinnu og viðvera verið það sem skipti máli, en ekki fjöldi skráðra óstaðfesta yfirvinnustunda. Í raun sé það svo að sumir starfsmenn í þessu kerfi skrá aðeins „x“ við hvern og einn dag, enda *viðvera* það sem skipti máli.

Þá sé einnig vert að taka fram að hefði það verið ætlun stefnda að greiða starfsmönnum fyrir yfirvinnu sérstaklega þá hefði að sjálfsögðu verið fylgst vel með skráningu yfirvinnutíma og reynt að halda þeim í lágmarki, það hefði verið hluti af ábyrgri stjórnun félagsins.

Það staðfestist, með vísan til áskorunar í stefnu, að verkkaupar hafi ekki verið rukkaðir á grundvelli skráðra tíma hjá stefnda.

Hvað varðar kröfu stefnanda um greiðslu orlofs þá sé henni alfarið hafnað á sömu forsendum og að framan greinir. Hafi stefnandi ekki átt rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu, líkt og stefndi haldi fram, eigi hann heldur ekki rétt til greiðslu orlofs af sömu yfirvinnu.

Þá hafni stefndi því einnig að víkja beri ráðningarsamningi aðila til hliðar og breyta honum með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Það sé í engu rökstutt í stefnu af hverju umrædd lagagrein ætti að eiga við um ráðningarsamband aðila. Engin gögn séu lögð fram sem sýni fram á hvert jafnaðarkaup stefnanda var, auk þess sem ekki er sýnt fram á hvort meðaltímakaup að fjárhæð 2.000 krónur teljist sanngjarnt eða ekki. Er stefnandi hóf störf hjá stefnda að nýju í febrúar 2005 hafi hann verið með 440.000 krónur í föst laun á mánuði en þau hækkað og verið 600.000 krónur á mánuði er hann lét af störfum í janúar 2009. Þessi laun geti ekki talist ósanngjörn, þrátt fyrir að yfirvinna hafi verið hluti þeirrar greiðslu. Því eigi 36. gr. laga nr. 7/1936 ekki við í þessu máli.

Stefndi byggi kröfur sínar á almennum reglum samninga- og vinnuréttar. Krafa um málskostnað sé byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Stefnandi, sem er byggingarfræðingur, byggir kröfur sínar um greiðslu fyrir yfirvinnu auk orlofsgreiðslna, á skyldu vinnuveitanda samkvæmt meginreglum vinnuréttar og samningaréttar til að greiða starfsfólki laun fyrir það vinnuframlag sem það innir af hendi í þágu vinnuveitanda.

Fyrir liggur að samkvæmt ráðningarsamningi stefnanda við stefnda, dags. 8. febrúar 2005, var samið um tiltekna launafjárhæð á mánuði fyrir fullt starf. Í ráðningarsamningnum, sem er í stöðluðu formi, er ekkert

frekar skráð um launakjörin. Þannig er t.d. eyða þar sem gert er ráð fyrir að skráð sé hvað greiða beri fyrir hverja unna klukkustund í yfirvinnu. Í samningnum kemur fram að um réttindi og skyldur starfsmanns og vinnuveitanda skuli að öðru leyti fara samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Stefnandi byggir á kjarasamningi milli Félags ráðgjafarverkfræðinga annars vegar og Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands hins vegar. Fyrir liggur að byggingarfræðingar eru ekki aðilar að kjarasamningi og stefnandi rökstyður ekki hvers vegna hann byggir á umræddum kjarasamningi.

Þá liggur fyrir að stefndi er ekki aðili að Félagi ráðgjafarverkfræðinga, en samningurinn tekur samkvæmt orða sinna hljóðan aðeins til fyrirtækja sem aðild eiga að Félagi ráðgjafarverkfræðinga. Stefndi kveðst vera aðili að Samtökum atvinnulífsins og því bundinn samkvæmt kjarasamningum þeirra samtaka.

Samkvæmt framangreindu verður ekki talið sýnt að á umræddum kjarasamningi verði byggt í málinu.

Heimilt er að semja um fóst mánaðarlaun starfsmanns í ráðningarsamningi þar sem tilgreind eru heildarlaun hans vegna starfa í þágu vinnuveitanda.

Stefnandi kveðst greiða laun samkvæmt svokölluðu fastlaunakerfi, þ.e. að yfirvinna sé hluti af föstum launum starfsmanna. Stefnandi hafi fengið greitt samkvæmt fastlaunakerfinu allan þann tíma sem hann hafi unnið fyrir stefnda eða frá árinu 1998.

Fyrir liggur að stefnandi starfaði fyrst hjá stefnda, nánar tiltekið félagi í eigu stefnda o.fl., á árunum 1998 til 2004 og þáði laun samkvæmt téðu fastlaunakerfi. Þá liggur fyrir að stefnandi hóf störf hjá stefnda á ný í febrúar 2005 og að hann starfaði hjá stefnda þangað til honum var sagt upp störfum með bréfi, dags. 31. október 2008, með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Á þeim tíma fékk stefnandi greidd laun samkvæmt ráðningarsamningi kr. 440.000,- sem hækkuðu upp í kr. 480.000,- um áramótin 2005-2006, og í kr. 530.000,- um áramótin 2006-2007 og í kr. 600.000,- um áramótin 2007-2008 og voru þau sú upphæð á mánuði er hann hætti störfum. Fékk stefnandi þannig á starfstímanum greidd laun fyrir vinnu sína, sem ekki tók mið af skráðum fjölda yfirvinnustunda hans, heldur var ákveðin sem mánaðarlaun. Auk þess sem hann fékk greiddar bætur vegna dvalar fjarri heimili.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi fengið 200.000 króna greiðslu í júlí 2006 í kjölfar samtala við yfirmenn sína um mikið vinnuálag. Hann kveðst hins vegar aldrei hafa farið fram á greiðslu fyrir yfirvinnu. Stefndi heldur því fram að ákveðið hafi verið að greiða stefnanda upphæðina vegna mikillar helgarvinnu. Þar sem annarra gagna nýtur ekki við um greiðsluna verður að telja ósannað að hún hafi verið innt af hendi vegna yfirvinnu.

Þegar framangreint er virt verður að telja að stefnanda hafi ekki tekist að sína fram á að samningar milli hans og stefnda hafi staðið til þess að honum bæru greiðslur fyrir vinnu sína umfram hin föstu mánaðarlaun samkvæmt ráðningarsamningi aðila og þær uppbætur sem fyrir liggur að hann fékk greiddar.

Stefnandi byggir á því að ef að dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að í samningi aðila felist fullt starf ásamt yfirvinnu beri að víkja samningnum til hliðar og breyta honum með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Rökstyður stefnandi það einungis með því að tímakaup hans á umræddu tímabili hafi verið að meðaltali um kr. 2.000 en líta þykir verða svo á að hann telji það allt of lágt kaup miðað við menntun hans, aldur og starfsreynslu. Hins vegar færir stefnandi ekki fram nein gögn til stuðnings því að umrætt tímakaup teljist ósanngjamt. Verður því þegar af þeirri ástæðu að telja að ekki komi til álita að samningnum verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Samkvæmt öllu framangreindu verður ekki hjá því komist að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ístak hf., er sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sverris Þórs Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.